

og sé það einkum að kenna slæmu verði á verzlunarvörum og líka því, að landsmenn sé svo tregir á að slátra nógu mörgum skepnum til vetrarforða.

1869.
15. apríl.

Jafnframt og þess skal getið, að, þaræð þér, herra amtmaður, hvorki hafið tekið til þau hëruð í norður- og austuramtinu, þar sem mest ástæða er til að óttast hallæri, nè heldur vikið á, hverjar ráðstafanir mundu vera hagfeldastar til að afstýra því, þá er það eitt næg orsök til, að stjórnarráðið sér sér ekki fært að gjöra neitt í því skyni með aðstoð ríkissjóðsins, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir sent nefndinni hér í bænum, sem sett hefir verið til að afstýra hallæri í suður- og vesturamtinu, eptirrit af ofan nefndri skýrslu yðar, og vakið máls á við hana, hvort hún treysti sér ekki til að láta mönnum í norður- og austuramtinu einhverja hjálp í tē í þessu skyni.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um samsteyping á Stórutjörnum og Litlutjörnum í Þingeyjarsýslu.

15. apríl.

Með bréfi dagsettu 11. nóvembermán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt í útleggingu á dönsku ásamt með álitsskjali hlutaðeigandi sýslumanns um það; í því fer Eggert Gunnarsson, umboðsmaður yfir norðurhluta Múkaþverárklostursjarða, þess á leit, að þegar næst verða leiguliðaskipti á Litlutjörnum, þá megi steypa þeim saman við Stórutjarnir í eina jörð — en báðar þessar jarðir liggja undir tēð umboð — á þann hátt, sem vikið er á í skoðunargjörð, er einnig fylgdi með bréfi yðar, það er að segja, að húsin á Litlutjörnum verði rifin niður, og að timbrinu úr þeim verði varið til að fjölga húsunum á Stórutjörnum. Hafið þér lagt til með, að þessi uppástunga verði tekin til greina á þann hátt, að afgjaldið af jörðunum sameinudum verði ákveðið til 240 álna, þ. e. 140 álna landskuld og 100 álnir í kúgildaleigur.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild kon-

1869.
15. apríl. ungríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið hefir að vísu ekki í raun og veru neitt á móti því, að jörðum þessum verði steyppt saman, eins og stungið hefir verið uppá, en samt að eins með því skilyrði, að ríkissjóðurinn missi einkis í af afgjöldunum, eins og þau hafa verið til þessa. Sökum þessa getur stjórnarráðið ekki fallizt á uppástungu yður, herra amtmaður, um að afgjaldið af jörðunum, þegar búið væri að sameina þær, verði ákveðið til 240 álna, því að þetta afgjald verður ekki meira í peningum en 61 rd. 24 sk., þegar alinin er 24½ skild., en afgjöldin af báðum jörðunum, eins og þau nú eru, samkvæmt umboðsreikningnum fyrir 1867—68, eru í peningum 74 rd. 14 sk.

24. apríl. 37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um byssur handa skotmannafélagi í Stykkishólmi.

Með bréfi dagsettu 16. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem þrír menn í Stykkishólmi, sem vilja stofna skotmannafélag þar í verzlunarstaðnum, sækja um, að honum verði gefnar 20 fótgönguliðs-byssur með byssu-stingjum og ýms önnur vopn handa félagi þessu, og hafið þér skotið því til stjórnarráðsins, hvort því virðist tilefni til að útvega verzlunarstaðnum byssur þær, sem beðið er um, til þessa áforms.

Nú er skrifazt hefir verið á við herstjórnarráðið um þetta, hefir það látið dómsmálastjórnina fá 20 gamlar fótgönguliðs-byssur með byssustingjum, og eru þær nú sendar yður, herra amtmaður, í kassa merktum V. A., til þess að skotmannafélag það, sem haft er í hyggju að stofna, fái þær til afnota. Skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir leyft, að kostnaðurinn til að kaupa byssurnar o. s. frv. verði borgaður af fé því, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.